

**L Ö G**

um breyting á lögum nr. 3 1. febr. 1980, um tímabundið olúgjald til fiskiskipa, sbr. lög nr. 11 11. apríl 1980.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt*: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

1. gr. orðist svo:

Þegar fiskiskip selur afla í innlendri höfn, eða afhendir afla sinn til vinnslu án þess að sala fari fram, skal fiskkaupandi eða fiskmóttakandi greiða útgerðarmanni eða útgerðarfyrirtæki olúgjald, er nemi 7.5% miðað við fiskverð eins og það er ákveðið af Verðlagsráði sjávarútvegsins. Hið sama gildir, þegar fiskiskip selur afla sinn öðru skipi til löndunar í innlendri höfn. Olúgjald þetta kemur ekki til hlutaskipta eða aflaverðlauna.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu ákvæði þeirra taka til fiskafla og hlutaskipta frá 1. október 1980 til loka árs 1980, nema aðilar að kjarasamningum sjómanna og útvegsmanna komi sér saman um önnur hlutaskipti.

*Gjört í Reykjavík 9. desember 1980.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

*Steingrímur Hermannsson.*

**L Ö G**

um sameiningu Lífeyrissjóðs barnakennara og Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt*: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Lífeyrissjóður barnakennara skal sameinaður Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, sem tekur við öllum eignum og skuldbindingum Lífeyrissjóðs barnakennara.

## 2. gr.

Sjóðfélagar í Lífeyrissjóði barnakennara skulu eiga aðild að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins með sömu réttindum og þeir höfðu áunnið sér í Lífeyrissjóði barnakennara hinn 30. september 1980.

Frá og með 1. október 1980 fer að öðru leyti um réttindi og skyldur þessara sjóðfélaga samkvæmt lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, þ. á m. um iðgjaldagreiðslur og lífeyri.